


Hvernig bráðna jöklarnir?

Hver er fljótlegasta aðferðin til að bræða ísmola?

Nú skulum við prófa að bræða ísmola. Ímyndaðu þér að ísmolinn sé hluti af jökli. Verkefnið er að finna fljótlegust leiðina til að bræða molann...



Við skulum prófa að láta molann bráðna við 5 mismunandi aðstæður:

1. Við herbergishita
2. Í heitu lofti
3. Í köldu vatni
4. Í heitu vatni
5. Í saltvatni

Skriðu niður við hvaða aðstæður þú heldur að hann bráðni hraðast. Hugsðu um hvort

- ísinn bráðni hraðar í heitu eða köldu lofti?
- ísinn bráðni hraðar í heitu eða köldu vatni?
- ísinn bráðni hraðar í saltvatni eða ferskvatni?
- ísinn bráðni hraðar í lofti eða vatni?

Tilraunin

Hver hópur þarf að hafa:

- 5 ísmola, geymið þá í frysti þar til það kemur að því að nota þá
- 5 glös úr gleri eða plasti
- 1 teskeið af salti
- Skeiðklukku
- Stað með heitu lofti, t.d. ofan á miðstöðvarofni



Glas 1: Á að vera tómt

Glas 2: Á að vera tómt en á hlýjum stað, t.d. ofan á miðstöðvarofni

Glas 3: Á að vera hálf fullt af köldu kranavatni, eins köldu og þú getur mögulega náð því

Glas 4: Á að vera hálf fullt af heitu kranavatni, eins heitu og þú getur mögulega náð því

Glas 5: Á að vera hálf fullt af köldu kranavatni með teskeið af salti blönduðu í það

Sækið ísmolana í frystinn þegar öll glösin eru tilbúin og setjið samtímis einn mola í hvert glas. Setjið skeiðklukkuna á stað um leið og molarnir fara í glösin. Skriðið svo niður hvenær hver ísmoli er bráðnaður.

Niðurstöður:

	Glas 1	Glas 2	Glas 3	Glas 4	Glas 5
Tími					

Umræður:

Hvaða moli bráðnaði fyrst? Hvernig stemmir það við það sem þið áttuð von á?

Ræðið hvað þessar niðurstöður þýða í raun:

- Hverjar eru afleiðingarnar fyrir jöklana ef lofthjúpurinn hlýnar?

- Hverjar eru afleiðingarnar fyrir hafísinn ef höfin hlýna?
- Hvaða áhrif hefur það á hafísinn að höfin eru sölt?
- Hverju munar það fyrir ís hvort að hann er að bráðna á landi eða í höfunum?